

Fundargerð samstarfsnefndar
KJALAR, stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu,
og
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og KJALAR, stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu, í Borgartúni 30, þann 15. ágúst 2017, kl. 09:00.

Mættar voru Arna Jakobína Björnsdóttir fulltrúi KJALAR og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Benedikt Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Mat á menntun starfsmanns hjá sveitarfélagi

Erindi frá fulltrúum KJALAR þar sem óskað var eftir mati á menntun rekstrarstjóra / skrifstofustjóra. Viðkomandi starfsmaður hefur kennarapróf en menntunarkrafa í starfið er stúdentspróf.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS telja að háskólaprófið sem starfsmaðurinn hefur, tengist starfi hennar óverulega og því verði prófið ekki metin til persónuálags.

Fulltrúi Kjarlar er ósammála afstöðu fulltrúa SNS.

Fleira ekki gert og fundi slitið.